

**1 Tilgangur og markmið**

- 1.1 Stefna þessi er sett á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 8. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti („VBVL“).
- 1.2 Arctica veitir ýmsar tegundir fjármálaþjónustu og má því gera ráð fyrir því að upp komi aðstæður í starfsemi Arctica sem geta leitt til hugsanlegra hagsmunaárekstra. Arctica ber að gera allar tiltækar ráðstafanir til að bera kennsl á hagsmunárekstra í starfsemi sinni og bregðast við þeim.
- 1.3 Markmið stefnu þessarar er að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra á milli Arctica og viðskiptavina þess eða viðskiptavina Arctica innbyrðis. Með því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra er jafnframt miðað að því að auka trúverðugleika Arctica á sviði verðbréfavíðskipta. Í stefnu þessari felst ekki loforð eða skuldbinding um að Arctica geri ráðstafanir til varna hagsmunaárekstrum umfram það sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli krefjast á hverjum tíma.

**2 Gildissvið**

- 2.1 Stefna þessi gildir um hagsmunaárekstra á milli: 1) Arctica sjálfs, þar með talið á milli starfsmanna, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yfirráðum Arctica, annars vegar og viðskiptavina Arctica hins vegar; og 2) á milli viðskiptavina Arctica innbyrðis. Þegar hagsmunárekstrar eru til staðar ber Arctica að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Arctica. Stefnan tekur til allra deilda innan Arctica hverju sinni.
- 2.2 Stefna þessi gildir um verðbréfavíðskipti milli Arctica og viðskiptavina þess, óháð því hvort þeir eru flokkaðir sem almennir fjárfestar, fagfjárfestar eða viðurkenndir gagnaðilar. Í þeim tilvikum sem stefna þessi gerir vægari kröfur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum en einstaka innri reglur Arctica, skulu innri reglurnar gilda. Í þeim tilvikum sem stefna þessi gerir strangari kröfur en innri reglur Arctica, skal stefna þessi gilda.
- 2.3 Við túlkun á stefnu þessari ber að hafa í huga stærð og skipulag Arctica á hverjum tíma sem og eðli og umfang þess, auk gildandi starfsleyfis frá FME.

**3 Orðskýringar**

- 3.1 Í stefnu þessari hafa eftirgreind hugtök eftirfarandi merkingu:

3.1.1. Aðili sem tengdur er starfsmanni Arctica fjölskylduböndum:

- Maki, maki í staðfestri samvist eða sambúðarmaki starfsmanns Arctica.
- Barn, kjörbarn eða stjúpbarn starfsmanns Arctica og er á hans framfæri.
- Önnur skyldmenni starfsmanns Arctica sem hafa búið á sama heimili og hann í að minnsta kosti eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin viðskipti fara fram.

3.1.2. **Eigin viðskipti:** Viðskipti með fjármálagerning sem eru framkvæmd af eða fyrir hönd starfsmanns Arctica þegar að minnsta kosti eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Viðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns Arctica.
- Viðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
  - Starfsmann Arctica.
  - Aðila sem tengdur er starfsmanni Arctica fjölskylduböndum eða aðila sem tengist náíð starfsmanni Arctica.
  - Aðila sem er í slíkum tengslum við starfsmann Arctica að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu viðskiptanna, að undanskilinni þóknun eða umboðslaunum fyrir framkvæmd viðskiptanna.

3.1.3. **Hagsmunaárekstrar:** Atvik sem hugsanlega geta skaðað fjárhagslega hagsmuni viðskiptavina Arctica.

3.1.4. **Tengdir aðilar:** Til tengdra aðila í stefnu þessari teljast:

- Stjórnendur Arctica þar með taldir stjórnarmenn.
- Einkaumboðsmenn Arctica, eins og hugtakið er skilgreint í 20. gr. VBVL, eða stjórnendur þeirra.
- Starfsmenn Arctica eða einkaumboðsmanna Arctica, sem og einstaklingar sem veita Arctica einhverja þjónustu og eru undir yfirráðarétti Arctica eða einkaumboðsmenn Arctica sem veita þjónustu af hálfu Arctica.
- Einstaklingar sem með beinum hætti

taka þátt í að veita Arctica þjónustu eða til einkaumboðsmanns Arctica samkvæmt útvistunarsamningi við Arctica í þeim tilgangi að veita fjármálaþjónustu fyrir Arctica.

- 3.1.5. **Viðskiptavinir:** Með viðskiptavinum er átt við núverandi viðskiptavinum, hugsanlega viðskiptavinum (sem Arctica er að leitast við að koma á samningssambandi við) og fyrrverandi viðskiptavinum þar sem trúnaðarskyldur eða aðrar skyldur ríkja enn milli aðila.

#### 4 Greining hagsmunaárekstra

- 4.1 Starfsemi Arctica getur hugsanlega skapað hagsmunaárekstra, t.d. með eftirfarandi hætti:
- Arctica á viðskipti með fjármálagerninga, fyrir eigin reikning eða reikning viðskiptavina, sem takmarkað framboð er af, á sama tíma og aðrir viðskiptavinir óska eftir að kaupa eða selja sömu fjármálagerninga.
  - Arctica mælir með eða selur fjármálaafurð sem útgefin er af því sjálfu, þegar það veitir viðskiptavinum fjárfestingarráðgjöf eða fyrirtækjaráðgjöf.
  - Fyrirtækjaráðgjöf Arctica kann að vera samningsbundin við tiltekið fyrirtæki, en verðbréfamíðlun Arctica samtímis að miðla hlutabréfum þess. Hvor deild um sig er þá skuldbundin til að hafa hagsmuni síns viðskiptavinar í fyrirrúmi.
  - Arctica kann að eiga hluti í félagi, sem það veitir fyrirtækjaráðgjöf, eða veitir fjárfestingarráðgjöf um til viðskiptavina, eða sem Arctica miðlar hlutabréfum í fyrir aðra viðskiptavinum. Verið getur að starfsmönnum Arctica, sem annast framangreinda þjónustu, sé ókunnugt um að Arctica eigi aðra hagsmuni tengda hlutabréfum í viðkomandi fyrirtæki.
  - Arctica, starfsmaður Arctica eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur Arctica í gegnum yferráð kann að hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavinum er veitt, eða af niðurstöðu viðskipta sem gerð eru fyrir hönd viðskiptavinar, t.d. ef viðkomandi i) nýtur fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinar, ii) stundar sams konar rekstur og viðskiptavinur eða iii) þiggur umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavinum, aðra en venjubundna þóknun (t.d. peninga, vöru eða þjónustu), frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

- Arctica framkvæmir fjárfestingatengdar rannsóknir (greiningar) í tengslum við lögaðila sem það veitir einnig fjárfestingar- eða fyrirtækjaráðgjöf.
- Um er að ræða eigin viðskipti starfsmanna. Um eigin viðskipti gilda sérstakar reglur innan Arctica.
- Hagsmunir viðskiptavina innbyrðis fara ekki saman, t.d. ef tveir eða fleiri viðskiptavinir óska eftir að kaupa hlutabréf sem takmarkað framboð er af, eða ef tveir eða fleiri aðilar sækjast eftir að öðlast ráðandi stöðu í sama félaginu.

#### 5 Meðhöndlun hagsmunaárekstra

- 5.1 Arctica gerir m.a. eftirfarandi ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og í sumum tilvikum gilda sérstakar reglur eða stefnur sem settar hafa verið af Arctica:
- Til að koma í veg fyrir ótakmarkað upplýsingaflæði á milli starfssviða takmarkar Arctica með huglægum og efnislegum aðskilnaði (kínamúrum) aðgang að trúnaðarupplýsingum við þá aðila sem að mati Arctica hafa raunverulega þörf fyrir slíkar upplýsingar og í samræmi við hagsmuni viðkomandi viðskiptavinar eða Arctica sjálfs. Í þessu skyni gilda sérstakar reglur sem settar hafa verið af Arctica.
  - Starfsmönnum Arctica er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar Arctica.
  - Starfsmönnum Arctica er óheimilt að eiga viðskipti á undan viðskiptavinum ef áður hefur borist beiðni um viðskipti af hálfu viðskiptavinar.
  - Arctica sér til þess að engin bein tengsl séu milli þóknunar starfsmanna Arctica sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og þóknunar annarra starfsmanna Arctica sem annast fyrst og fremst önnur verksvið, eða tekna sem þeir skapa, ef til hagsmunaárekstra gæti komið í tengslum við þessi verksvið.
  - Arctica setur sér, eftir því sem við á, viðeigandi verkferla, hvort sem litið er til atvika innan sömu deildar eða á milli mismunandi deilda Arctica, vegna tilvika er leitt geta til hagsmunaárekstra eða þegar hagsmunaárekstrar verða.
  - Arctica heimilar ekki greiðslur þóknana, umboðslauna eða ófjárhagslegra fríðinda til þriðja aðila eða aðila sem er fulltrúi

viðskiptavina, eða þriðji aðili eða aðili fyrir hans hönd greiðir eða veitir, nema viðskiptavinur hafi verið skilmerkilega upplýstur um tilvist, eðli og fjárhæð slíkrar þóknunar, umboðslauna eða fríðinda. Slíkar greiðslur skulu jafnframt til þess fallnar að auka gæði þjónustu við viðskiptavininn.

- g. Ef til hagsmunaárekstra kemur mun Arctica upplýsa viðkomandi viðskiptavin um þannig að viðskiptavinurinn geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðkomandi viðskipta og gera þær ráðstafanir sem raunhæfar kunna að teljast til þess að tryggja að viðskiptavinurinn hljóti ekki skaða af slíkum hagsmunaárekstrum. Arctica er þó ekki skylt að upplýsa um umfang slíkra hagsmuna né um tekjur eða ágóða sem tengjast slíkum hagsmunum eða skyldum, enda kann Arctica að vera óheimilt að greina frá slíkum upplýsingum á grundvelli ákvæða um þagnarskyldu.
- h. Gögn um þjónustu og viðbrögð af hálfu Arctica eru varðveitt í tilvikum er til hagsmunaárekstra kemur.
- i. Arctica getur vikið tengdum aðilum burt frá tilteknum viðskiptum eða meðhöndlun hagsmunaárekstra enda geti þátttaka þeirra, í viðkomandi viðskiptum eða við meðhöndlun hagsmunaárekstra, leitt til hagsmunaárekstra.

## 6 Upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra

- 6.1 Ef Arctica telur ráðstafanir sínar til að bregðast við helstu hagsmunaárekstrum ófullnægjandi skal Arctica veita viðskiptavinum upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti um eðli og orsök hugsanlegra hagsmunaárekstra áður en til viðskipta milli aðila er stofnað. Skal Arctica senda viðskiptavini skriflega tilkynningu og leita samþykkis hans fyrir því að Arctica haldi áfram að veita tiltekna þjónustu þrátt fyrir slíka hugsanlega hagsmunaárekstra.
- 6.2 Regluvörður heldur skrá yfir starfsemi sem telst til verðbréfaviðskipta og stunduð er af Arctica eða fyrir hönd Arctica, þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur, sem hefur í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist, eða muni skaðast í þeim tilvikum þar sem þjónusta er viðvarandi og slíkt getur átt sér stað. Skráin skal reglulega uppfærð. Skráin skal innihalda upplýsingar um

hvaða viðskiptavinir áttu í hlut, hvaða viðskipti var um að ræða og tegundir viðkomandi fjármálagerninga og viðskiptafærslna.

## 7 Verklagsreglur Arctica til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

- 7.1 Arctica hefur sett sér eftirfarandi innri reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra:
  - a. Verklagsreglur um verðbréfaviðskipti sem hafa að geyma reglur um aðskilnað starfssviða (kínamúra), öryggis- og samskiptareglur, reglur um viðskipti Arctica með fjármálagerninga fyrir eigin reikning, eigin viðskipti starfsmanna og þátttöku starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja og atvinnurekstri.
  - b. Starfsreglur stjórnar sem hafa að geyma reglur um hæfi stjórnarmanna til að taka þátt í meðferð máls, fyrirgreiðslu til aðila sem eru venslaðir stjórnarmönnum og þátttöku stjórnarmanna í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarfélaganna Arctica.
  - c. Almennar starfsreglur fyrir starfsfólk þar sem m.a. er að finna verklagsreglur vegna gjafa og boðsferða til starfsfólks.
  - d. Reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

## 8 Eftirlit með framkvæmd stefnunnar

- 8.1 Regluvörður annast eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og skulu viðskiptavinir eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvarðar telji þeir að starfsmaður hafi brotið gegn stefnu þessari.

## 9 Endurskoðun stefnunnar

- 9.1 Arctica endurskoðar stefnuna reglulega til að greina hvort hún sé nægilega skilvirk í framkvæmd, hvort sem litið er til starfsemi einstakra deilda innan Arctica eða til Arctica í heild, og skal Arctica breyta stefnunni reynist hún ekki nægilega skilvirk eða ef til koma breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem snerta efni hennar.
- 9.2 Komi Arctica til með að auka við þá starfsemi og þjónustu er félagið býður upp, skal stefna þessi endurskoðuð því til samræmis.

## 10 Gildistaka

- 10.1 Stefna þessi öðlast gildi að fengnu samþykki stjórnar.